

27.05.2009

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Efni: Útiræktun á erfðabreyttu byggi

Vegna umsóknar Orf Líftækni hf. um leyfi til útiræktunar á erfðabreyttu byggi í Gunnarsholti vara Náttúruverndarsamtök Suðurlands (NSS) eindregið við því að slíkt leyfi verði veitt.

NSS telja mjög varhugavert að sleppa erfðabreyttum lífverum í íslenska náttúru.

Þekking á langtíma afleiðingum erfðabreytinga og útiræktunar erfðabreyttra plantna er enn sem komið er takmörkuð. Vísbendingar eru þó smám saman að koma fram um neikvæð áhrif á umhverfi og heilsufar sem gefa tilefni til fyllstu varúðar í meðförum erfðabreyttra lífvera.

NSS telja því að í þessu tilviki eigi náttúran að njóti vafans og slík ræktun eigi að fara fram innanhúss í lokuðu, stýrðu og öruggu umhverfi undir ströngu eftirliti.

NSS hvetja umráðamenn lands á Suðurlandi og annars staðar til að lýsa lönd sín svæði án erfðabreyttra lífvera, þar með talda bændur og eigendur landbúnaðarsvæða, sveitarfélög sem fara með skipulagsvald, svo og stofnanir og samtök sem annast eða eiga nytjaland.

NSS telja að útiræktun erfðabreyttra lyfja- og iðnaðarplantna í Gunnarsholti kunni að valda umhverfi og atvinnulífi Suðurlands óbætánlegu tjóni á sama tíma og ferðaþjónusta, bændur og sveitarfélög leitast við að skapa héraðinu ímynd hreinleika og óspilltrar náttúru.

Fh. Náttúruverndarsamtaka Suðurlands

Ólafía Jakobsdóttir formaður